



Skýrsla VINNÍS fyrir starfsárið 2003-2004

1.3. 2003 - 31.3. 2004

Aðalfundur Vinnís 2003

Sjötti aðalfundur VINNÍS var haldinn í húsakynnum Alcan þann 20. mars 2003. Á fundinn mættu aðeins 10 félagar sem má að einhverju leyti skrifast á að þennan dag var afar slæmt veður. Áður en aðalfundur hófst kynnti Gestur Pétursson, sérfræðingur Alcan í áhættugreiningu, nýtt öryggis- og vinnuumhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins sem það stefndi að fá vottað skv. OSHAS 18001, fyrst fyrirtækja á Íslandi – og náðist það takmark u.þ.b. mánuði síðar eða í apríl 2003. Að kynningu lokinni hófst aðalfundur með frískandi veitingum í boði gestgjafa.

Dagskrá aðalfundar var hefðbundin. Gerðar voru eftirfarandi breytingar á lögum félagsins: 1) heimasíða félagsins fest í sessi sem kynningarmiðill félagsins, og 2) seta í stjórn félagsins skilgreind, þ.e. varamenn í stjórn kosnir til tveggja ára, seta formanns, sem valinn er til eins árs í senn, takmörkuð lengst við 6 ár og seta annarra stjórnarmanna, sem valdir eru til 2ja ára í senn, takmörkuð lengst við 3 kjörtímabil eða 6 ár alls.

Úr stjórn félagsins gengu Björg Þórðardóttir/Steinar Harðarson sem sameiginlega höfðu gegnt starfi varamanns Lárusar Elíassonar gjaldkera sem lét af störfum haustið 2002, Björk Pálsdóttir iðjuþjálfari sem hafði verið varaformaður félagsins frá upphafi og Bjarni Ingvarsson ritari sem einnig hafði gegnt því embætti allt frá stofnun félagsins 1997. Voru Björku og Bjarna færðar sérstakar þakkir fyrir hið mikilsverða framlag og mótunarstarf í þágu félagsins. Þrír nýir meðstjórnendur voru kosnir til tveggja ára (2005), þau Aðalheiður Sigurjónsdóttir sálfræðingur, Ágústa Guðmarsdóttir sjúkráþjálfari og Snorri Ingimarsson verkfræðingur. Þórunn Sveinsdóttir sjúkráþjálfari var endurkjörin sem formaður til eins árs (2004).

Stjórnarfundir - Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 8 fundi. Helstu viðfangsefni stjórnar hafa verið:

Rekstur félagsins

Bankaþjónusta – Bankareikningur félagsins er í útibúi Íslandsbanka í Skútuvogi. Innheimta árgjalda hefur verið þokkaleg, sbr. skýrslu gjaldkera.

Póstfang – Félagið hefur fengið nýtt pósthólf hjá Íslandspósti á Grensásvegi. Póstfangið er nú Vinnuvistfræðifélag Íslands, Pósthólf 4229, 124 Reykjavík.

Heimasíða VINNÍS – www.vinnis.is á heimasíðu félagsins er m.a. að finna upplýsingar um starfsemi félagsins, stjórn og tengiliði.

Símaskrá – Félagið er skráð undir heitinu Vinnuvistfræðifélag Íslands.

Félagatal VINNÍS – Skráðir félagar eru nú 82 og hefur þeim fækkað nokkuð frá síðasta ári. Má það rekja til að lagt var í skipulega vinnu við að innheimta útistandandi árgjöld fyrri ára og leiddi það til að 13 manns sögðu sig úr félaginu. Fjórir nýir félagar hafa hins vegar bæst í hópinn frá fyrra ári.

Mikilvægt er að tilkynna allar breytingar t.d. flutning, breytt símanúmer, netföng o.þ.h., svo hægt sé að halda félagatali réttu. Upplýsingar um umsjónarmann félagatals verður að finna á heimasíðunni, www.vinnis.is.

Kynning og starf innanlands

- *Heimasíða* – Heimasíða félagsins var opnuð á félagsfundum í janúar 2003 og er síðan enn í uppbyggingu. Henni er ætlað að veita allar helstu upplýsingar um félagið og starfsemi þess auk þess sem þar er að finna ýmsar tengingar, m.a. við heimasíður systursamtaka á Norðurlöndunum og víðar, heimasíður IEA, FEES og ýmissa rannsóknarstofnana. Fenginn hefur verið áhugasamur ungur maður utan félagsins til að sjá um tæknilega uppfærslu síðunnar til að stuðla að því að hún verði virkur upplýsingamiðill um félagið og vinnuvistfræði.

NES 2003

- Stærsti viðburður starfsársins og í sögu félagsins fram að þessu var NES-ráðstefnan sem haldin var dagana 10.-13. ágúst 2003 á Grand Hótel í Reykjavík í samstarfi við Norrænu vinnuvistfræðisamtökin. Þema ráðstefnunnar var *Mind and Body in a technological world* eða *Hugur og hönd í heimi tækninnar* og var faglegur undirbúningur unnin í samvinnu við norræna vísindanefnd. Þátttakendur voru 189 talsins frá 16 löndum víðs vegar um heim. Opinbert tungumál ráðstefnunnar var enska. Fjöldi erinda var 94, sem öll voru birt í sérstakri ráðstefnubók. Gestafyrirlesarar voru sex, þar á meðal einn af félagsmönnum Vinnís, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur. Þátttakendur voru meðal annars sérfræðingar og vísindamenn á sviði heilsu, vinnuumhverfis og öryggis, hönnuðir og skipuleggjendur náms og starfsfræðslu, fulltrúar samtaka launþega og atvinnurekenda, vinnueftirlita og aðrir stefnumótandi aðilar á þessu sviði. Ráðstefnan var mjög áhugaverð, fræðandi og skemmtileg og vakti þó nokkra athygli í blöðum og í sjónvarpi hérlendis. Tíðkast hefur á NES-ráðstefnunum að veita tvær viðurkenningar samtakanna vegna framúrskarandi verkefna á sviði vinnuverndar. NES-verðlaunin 2003 komu í hlut Leikskóla Reykjavíkur vegna verkefnis sem ber heitið *Heilsuefning hjá Leikskólum Reykjavíkur*. Nemendaviðurkenningu fékk Ágústa Guðmarsdóttir sjúkraþjálfari fyrir sama verkefni. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á heimasíðu hennar, www.vinnis.is/nes.2003. Enn eru til nokkur eintök af ráðstefnubókinni og geta áhugasamir haft samband við Ágústu Guðmarsdóttur varaformann (atak@mmedia.is), eintakið kostar 1000 kr.
- Innanlandnefnd starfaði mjög ötullega að undirbúningi ráðstefnunnar fram í miðjan ágúst og eiga eftirfarandi nefndarmenn miklar þakkir skildar fyrir frábært vinnuframlag:
 - Hópur 1 – Uppbygging og umsjón heimasíðu ráðstefnunnar, markaðsmál og fjölmiðlatengsl:** Bjarni Ingvarsson, Inghildur Einarsdóttir og Steinar Harðarson. Í þennan hóp bættist svo Svava Jónsdóttir þegar Inghildur varð frá að hverfa vegna flutnings erlendis.
 - Hópur 2 – Gerð fjárhagsáætlunar, kostun og undirbúningur sýningar:** Björk Pálsdóttir og Hólmfríður Erlingsdóttir; Berglind Helgadóttir starfaði einnig með hópnum fram að hausti 2002 en hætti þá vegna flutninga erlendis.
 - Hópur 3 – Skipulag og innihald ráðstefnunnar, útgáfa efnis:** Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Guðbjörg L. Rafnsdóttir, Hólmfríður Gunnarsdóttir og Þórunn Sveinsdóttir.
- **Stýrihópur** - Einn úr hverjum hópi, þ.e. Bjarni, Björk og Þórunn, sátu í stýrihóp ráðstefnunnar sem vann með Ferðaskrifstofu Íslands að ýmsum praktískum undirbúningi.
- **Ráðstefnustjóri** - Formaður félagsins, Þórunn Sveinsdóttir, var ráðstefnustjóri NES 2003.
- Nú er ljóst að fjárhagslegur ávinningur af ráðstefnunni var mjög góður en tekjur umfram gjöld reyndust verða 972.854 kr. Samkvæmt starfsreglum NES á að greiða fyrstu 75.000 SEK til norrænu samtakanna en eftirstandandi upphæð að deilast samkvæmt ákveðnum reiknireglum. Á stjórnarfundum NES sem haldinn var nýlega að var ákveðið að öll eftirstandandi upphæð, 260.000 ISK skyldi renna til Vinnís. Mun fjárhagur félagsins styrkjast verulega við það.

Innra starf félagsins

- **Breytingar á stjórn félagsins** – Um síðustu áramót lét Aðalheiður Sigurjónsdóttir af stjórnarstörfum vegna breytinga á persónulegum högum. Tók Svava Jónsdóttir varamaður sæti Aðalheiðar í stjórn fram að aðalfundi 2004.
- **Félagsfundir** – Félagfundur haustsins var haldinn þann 19. nóvember 2003 hjá fyrirtækinu Hreyfigreiningu sem er í eigu sjúkraþjálfara. Karl Guðmundsson kynnti fyrirtækið og skýrði m.a. frá mjög áhugaverðu brautryðjendastarfi í þróun mælitækja og í rannsóknum á hálsshnykksáverkum, sem fyrirtækið vinnur að í samstarfi við háskóla bæði hérlendis og erlendis. Mjög áhugaverðir hlutir á ferð þar og rannsóknartækni sem getur ef til vill nýst innan vinnuvistfræðinnar í framtíðinni. Að kynningu lokinni var vetrarstarf félagsins rætt, m.a. hvort félagið eigi að beita sér fyrir því að hafa áhrif á kennslu í vinnuvistfræði á háskólastigi. Voru fundarmenn sammála um að það væri verðugt og brýnt verkefni sem vinna þyrfti að.
- **Menntunarmál** – Í framhaldi af félagsfundum þar sem rætt var um menntun í vinnuvistfræði var fundað með starfsmönnum Rannsókn- og heilbrigðisdeildar Vinnueftirlitsins en innan

deildarinnar er unnið er að undirbúningi Rannsóknarstofu í vinnuvernd í samstarfi við Háskóla Íslands. Tilgangur fundarins var að kynna fyrirhugaðri starfsemi og áherslum væntanlegrar rannsóknarstofu, m.a. varðandi kennslu í vinnuvistfræði. Fram kom á fundinum að í upphafi verður aðaláherslan lögð á rannsóknir en aðilar sammála um nauðsyn þess að huga að skipulegri uppbyggingu kennslu innan háskólastigsins sem hvílir á traustari grunni en nú er.

- *Áhugahópar* – Enginn hópur hefur starfað þetta árið.
- *Fréttablað* - Tvö fréttablöð komu út á árinu með upplýsingum til félagsmanna um málefni líðandi stundar. Tekin hefur verið upp sú nýbreytni að senda fréttablaðið á rafrænu formi til félagsmanna en það birtist jafnframt á heimasíðu félagsins, www.vinnis.is.
- *Tölvupóstur* - Um **92%** félagsmanna eru nettengdir og tölvupóstur því einnig töluvert notaður til upplýsingamiðlunar og samskipta. **Miklu skiptir að menn láti vita þegar þeir skipta um netfang!**

Samstarf við erlend samtök

NES – Nordiska Ergonomisällskapet

Fulltrúar Vinnís í stjórn NES eru kosnir til þriggja ára í senn. Þórunn Sveinsdóttir og Aðalheiður Sigurjónsdóttir hafa verið fulltrúar Vinnís tímabilið 2002-2004. Mun stjórn Vinnís tilnefna nýja fulltrúa í stað þeirra fyrir aðalfund NES sem haldinn verður 17. ágúst nk. í tengslum við NES 2004 í Danmörku. Vorfundur stjórnar NES var haldinn 27.-28. mars sl. í Kaupmannahöfn en þá tók þátt í stað Aðalheiðar, sem lét af störfum um áramót, Ágústa Guðmarsdóttir varaformaður félagsins. Það helsta sem gerst hefur á starfsárinu varðandi NES er:

- *Heimasíða NES* – Heimasíða NES, www.nordiskergonomi.org eða www.nordicergonomics.org, var opnuð á NES-ráðstefnunni á Íslandi 2003 og er nú smám saman að taka á sig mynd. Verður heimasíðan stórt skref til framfara þar sem félögum gefst kostur á fylgjast með því sem er að gerast hjá NES og innan Norðurlandanna á einfaldan og aðgengilegan hátt. Þar er að finna fjölmargar krækjur, m.a. á heimasíður allra norðurlandafélaganna og annarra félaga og stofnana á sviði vinnuvistfræði/vinnuverndar. Ákveðið var að landsfélögin hjálpist að við að sjá um og uppfæra efni síðunnar til að halda kostnaði niðri. Verður reynslan af því metin að ári liðnu.
- *NES 2004 í Kolding 16.-18. ágúst nk.* – Næsta NES ráðstefna verður haldin í Kolding í Danmörku um miðjan ágúst. Yfirskrift ráðstefnunnar er *Siðferði atvinnulífsins* eða *Working Life Ethics*. Gestafyrirlesarar munu m.a. fjalla um siðferði innan vísinda, ráðgjafastarfa, á vinnustaðnum og í atvinnulífinu. Þó frestur til að senda inn erindi sé liðinn er enn hægt að senda inn “abstract”. Eru félagsmenn eindregið hvattir til að kynna sér ráðstefnuna á heimasíðu hennar www.nes2004.dk og fjölmenna.

FEES – Federation of European Ergonomics Society

- Samtökin voru formlega stofnuð í München 7. maí 2003; var Claes-Håkan Nygård frá Finnlandi, formaður NES, kjörinn ritari samtakanna. Samtökin eru regnhlífarsamtök vinnuvistfræðifélaga í Evrópu og eru félög ellefu landa stofnfélagar, þ.e. Belgía, Bretland Finnland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Portúgal, Spánn, Sviss og Þýskaland auk norrænu samtakanna NES. NES mun taka afstöðu til framhaldsaðildar að ári liðnu þegar hlutverk og þróun samtakanna skýrist frekar. Sjá nánari upplýsingar, m.a. um hlutverk samtakanna á heimasíðunni www.fees-network.org.

IEA - International Ergonomics Society

- Minnt er á heimasíðu samtakanna www.iea.cc, en þar er að finna margvíslegar upplýsingar um ýmislegt á sviði vinnuvistfræði, m.a. fréttabréf IEA, menntunarmöguleika, ráðstefnur o.fl. Ísland mun eiga fulltrúa á árlegum fundi aðildarfélaga IEA á Madeira í lok júlí á þessu ári.

Að lokum

Stjórn þakkar að lokum öllum þeim sem tekið hafa þátt í starfi félagsins á starfsárinu sem er að líða, ekki síst Undirbúningsnefnd NES 2003 eins og áður er getið. Sérstakar þakkir fá Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Gestur Pétursson og Þórunn Sveinsdóttir sem nú ganga úr stjórn félagsins og nýir stjórnarmeðlimir boðnir velkomnir.